

Brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslu- 82
mannsins í Ísafjarðarsýslu, um órjettmæta kröfu dvalarsveitar 22. sept.
barnsmóður (Vindhælishrepps) á hendur framfærslusveit barns-
föður (Grunnavíkurhreppi) útaf greiðslu tveggja ára barnsmeðlags
til barnsmóður.

Með brjefi dags. 24. f. m. hefir sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu vegna Vindhælishrepps beiðst aðstoðar ráðuneytisins til að fá endurgreiddar hjá Grunnavíkurhreppi 832 kr. Er upphæð þessi meðlagsfúlgur fyrir árin 29. maí 1924 til 29. maí 1926, sem Jóni Halldóri Sigurðssyni, sveitlögum í Grunnavíkurhreppi, ber að greiða með óskilgetnu barni sínu, Sigríði Pálinu Húnfjörð, fæddri 29. maí 1924, og stúlkunnar Guðrúnar Oddsdóttur að Króki á Skagaströnd, og barnsfararkostnaður og styrkur barnsföður til barnsmóður vegna sama barns kr. 132, alt samkv. meðlagsúrskurði útg. af lögreglustjóranum í Reykjavík, 27. nóv. 1925.

Samkv. vottfastri yfirlýsingu barnsmóður, hefir hún fengið alla upphæðina greidda í einu lagi 14. apríl þ. á. af sveitarsjóði Vindhælishrepps, en samkv. 26. gr. og 31. gr. laga nr. 46 frá 27. júní 1921 bar dvalarsveit barnsmóður, Vindhælishreppi, ekki skylda til að greiða barnsmóður þá með endurgreiðslurjetti hjá framfærslusveit barnsföður nema meðlagði fyrir eitt ár, þ. e. meðlagsárið 29. maí 1925 til 29. maí 1926, og getur því ekki orðið lagt fyrir grunnavíkurhrepp að endurgreiða nema þessa árs fúlgu með kr. 350,00.

Þetta er yður, herra sýslumaður, hjermeð til vitundar gefið til frekari birtingar fyrir hreppsnefnd Grunnavíkurhrepps, er ber að endurgreiða án tafar þessar 350 kr.

Brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til bæjar- 83
fógetans á Siglufirði, um tilkynningarskyldu útibús hlutafjelds 8. oktbr.
firrnaskrár eða hlutafjelagaskrár.

Með símskeytum, dags. 19. f. m. og 1. þ. m., hafið þjer, herra bæjarfógeti, tjáð ráðuneytinu, að þjer teljið hlutafjeldið Bakka í Reykjavík tilkynningarskylt í umdæmi yðar, samkvæmt firmalögum og 13. gr. hlutafjelagalaganna, með því að það hafi útibú á Siglufirði, og beiðst álits ráðuneytisins um málið.

83

8. okt.

Útaf þessu skal ráðuneytið taka fram það, sem hjer segir:

Fjelagið er hlutafjelag og er því samkvæmt 61. gr. 2. mgr. hlutafjelagaganna nr. 77, 27. júní 1921, ekki tilkynningarskylt til firmaskrár heldur til hlutafjelagaskrár, þar sem heimili þess er, sbr. 11. gr. hlutafjelagaganna. Heimili fjelagsins er í Reykjavík og hefir það verið tilkynnt hjer. Á Siglufirði væri það því aðeins tilkynningarskylt til hlutafjelagaskrár, að það hefði þar útibú, sbr. 13. gr. hlutafjelagaganna, enda byggði þjer álit yðar á því, að svo sje. Í tilkynningu fjelagsins hjer er ekki getið um neitt útibú og hefði þó átt að tilkynna það hjer samkvæmt 12. gr. 2. tölul. hlutafjelagaganna. Spurningin er, hvort starfsemi fjelagsins á Siglufirði er þess eðlis, að hana beri að telja útibú. Hlutafjelagalögin skilgreina að vísu hvergi hugtakið „útibú“, en af 12. gr. þeirra virðist mega ráða nokkuð um það, hvað þau eiga við, er þau tala um útibú. Segir þar, að tilkynna eigi „hverjir stýri útibúi og skuldbindi fjelagið vegna þess.“ Hjer má og samkvæmt 18. gr. hlutafjelagaganna hafa hliðsjón af 16. gr. firmalaga nr. 42, 13. nóv. 1903, þar sem það er talið útibú, „þegar atvinnudeild er sett á fót undir sjerstakri stjórn.“ Útibú virðist því aðeins vera þar, sem um sjerstaka atvinnudeild er að ræða og sjerstaða hennar virðist eiga að lýsa sjer í því, að hún standi undir sjerstakri stjórn. Starfsemi tjeðs fjelags á Siglufirði virðist ekki munu vera þannig varið. Það virðist varla munu hægt að kalla hana sjerstaða atvinnudeild og hún mun, að því er ráðuneytið frekast veit, ekki standa undir sjerstakri stjórn, því skuldbindingar, sem af henni stafa, munu stofnaðar með sama hætti og af sömu mönnum og aðrar skuldbindingar fjelagsins.

Samkvæmt því, sem að framan er sagt, virðist ráðuneytinu ekki vera um eiginlegt útibú að ræða á Siglufirði frá tjeðu fjelagi og virðist því verða að líta svo á, að það sje hvorki tilkynningarskylt til firmaskrár nje hlutafjelagaskrár þar á staðnum.

84

15 okt.

Brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu, um aðgang dvalarsveitar að framfærslusveit á sjúkrahússvistarkostnaði þurfalings.

Oddviti Skefilsstaðahrepps hefir skotið til ráðuneytisins úrskurði yðar, herra sýslumaður, dags. 15. ág. þ. á., sem ákveður, að nefndur hreppur skuli endurgreiða Blönduóshreppi kr. 790,50, sem er sjúkrahússvistarkostnaður stúlkuunnar Þorleifar Baldvinsdóttur, er á framfærslurjett í Skefilsstaðahreppi. Telur oddvitinn úrskurðinn rangan að því leyti, sem hreppnum sje gert skylt að